

109
14. nóv.

SAMPYKKT

um

breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík frá 5. janúar 1923.

1. gr.

4. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta og 2. ágúst frá kl. 9—13, eingöngu til sölu á brauði, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

2. gr.

Samþykkt um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík frá 8. september 1931 er úr gildi numin.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. nóvember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

110
21. nóv. **Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Barnavinasjóð Hannesar Hafliðasonar“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. nóvember 1931. Skipulagsskráin er þannig:**

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Barnavinasjóð Hannesar Hafliðasonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt erfðaskrá skipstjóra Hannesar Hafliðasonar og heitir „Barnavinasjóður Hannesar Hafliðasonar“.